

REGLUGERÐ**um notkun litarefna í lyfjum.**

Frá og með 1. janúar 1983 er notkun azo-litarefna í lyfjum óheimil hér á landi. Eftirtalin azo-litarefni eru notuð í sérlyfjum, sem skráð eru hér.

1. Allura Red AC CI 16035
2. Amaranth CI 16185 E 123
3. Azo Rubin CI 14720 E 122
4. Brilliant Black BN Special Pure CI 28440 E 151
5. D & C Red No. 17 CI 26100
6. Fast Yellow AB CI 13015 E 105
7. Pigment Brown CI 12480
8. Pigment Yellow CI 11680
9. Ponceau 4R CI 16255 E 124
10. Ponceau 6R CI 16290 E 126
11. Red 10B CI 17200
12. Scarlet Red CI 26105
13. Sunset Yellow FCF CI 15985 E 110
14. Tartrazine CI 19140 E 102.

Önnur azo-litarefni hafa CI-númer 11 000—36 999 (CI = Colour Index). Auglýsing þessi er birt með stoð í ákvæðum lyfjalaga nr. 49/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1980.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingólf J. Petersen.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 94/1979.**

Um framlög atvinnurekenda til lífeyristrygginga skv. 20. gr., sbr. 25. gr., og iðgjöld til slysatrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 59/1978.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Lífeyristryggingaiðgjald skal á árinu 1980 vera 2% af gjaldstofni ársins 1979, samkv. 2. gr.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Gjald fyrir tryggingu íþróttamanna, sbr. 29. gr. f-lið, skal fyrir árið 1980 nema 4 000 000.00 kr. alls og greiðast að jöfnu af Íþróttasambandi Íslands og ríkissjóði. Fyrir tryggingar, sem greinir í e-lið sömu greinar, kemur ekkert gjald.